Könnunarskurðir við Áshamar í Vestmannaeyjum

Framkvæmdarannsókn

Stefán Ólafsson

Fornleifastofnun Íslands ses

FS762-19331
Reykjavík 2019

Grunnupplýsingar

Rannsóknarleyfi / málsnúmer: 201909-0049

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2019-88

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: Þústirnar sem rannsakaðar voru hafa ekkert skráningarnúmer og er ekki getið í skráningarskýrslu.

Stutt lýsing rannsóknar: Fornleifarannsókn til að athuga umfang og eðli garðlags sem hefur stefnuna austur-vestur og er um 30m norðan við Áshamar nr. 75 og mögulegs gerðis sem er um 30m sunnan við Áshamar 1a.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Staðsetning: Sunnan Torfmýrar, norðan Hrauns, milli húsa sem tilheyra Áshamari, Heimaey, Vestmannaeyjar.

GPS hnit: A: 4395461 / N: 326184 & A: 326257 / N: 435423

Rannsóknartími: 18/9 2019 - 19/9 2019

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 2

Forsíðumyndin sýnir skurð 2 sem grafinn var í meinta tóft af gerði sunnan við Áshamar 1a en í bakgrunni má sjá gröfu fylla uppí skurð 1 sem grafinn var í meint garðlag norðan við Áshamar 75.

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið og framkvæmd	6
Niðurstöður	7
Heimildir	10

Samantekt
Snemma í septembermánuði óskaði bæjarstjórn Vestmannaeyja eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að forkönnun á garðlagi og tóft á svæði milli húsa sem tilheyra Áshamari, vestan Hamarsskóla. Ástæða verkbeiðnarinnar eru áform um að á svæðinu rísi íbúðahúsabyggð. Tveir skurðir voru grafnir í meinta minjastaði 18. september 2019 en í hvorugum skurðinum sáust engin ummerki mannvist.

Lykilorð
Vestamannaeyjar, Áshamar, fornleifar, framkvæmdarannsókn, prufuskurður

Summary
Early in September, the municipality of Vestmannaeyjar requested that The Institute of Archaeology, Iceland (Fornleifastofnun Íslands ses) would carry out an evaluation of two possible archaeological features in an area between houses that belong to Áshamar, west of Hamarsskóli. Two trial trenches were excavated in these features, however neither were archaeological in nature.

Keywords
Vestmannaeyjar, Áshamar, archaeology, development led excavation, trial trench



Myndi 1. Loftmyndin sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðis með rauðum punkti. Yfir loftmyndina hefur verið varpað uppmælingum frá Minjastofnun Íslands og eru þær sýndar með grænum fláka (uppmæling fengin hjá Minjastofnun Íslands). Uppmælingum af rannsóknarskurðum hefur einnig verið varpað yfir loftmyndina og eru þeir sýndir með rauðum fláka. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Mynd 2. Hér sést graðlagið norðan við Áshamar 75 áður en skurður var tekinn í það. Horft er til austurs.

Inngangur

Snemma í septembermánuði óskaði bæjarstjórn Vestmannaeyja eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér að forkönnun á garðlagi og tóft á svæði milli húsa sem tilheyra Áshömrum, vestan Hamarsskóla (sjá mynd 1). Ástæða verkbeiðnarinnar eru áform um að á svæðinu rísi íbúðahúsabyggð.[1]

Varðandi mögulegar minjar á svæðinu fór Minjastofnun Íslands fram á það við Vestmannaeyjabæ að þær yrðu rannsakaðar með eins meters breiðum könnunnarskurði sem grafinn yrði þvert í gegnum garð sem er um 30m norðan við Áshamar nr. 75 og mögulegt gerði sem er um 30m sunnan við Áshamar 1a.[2] Tveir könnunarskurðir voru grafnir í umræddar minjar þann 19. september 2019. Fornleifafræðingar sem komu að verkinu voru Hildur Gestsdóttir og Stefán Ólafsson sem einnig var leyfishafi og hafði umsjón með verkinu. Þau nutu aðstoðar Gunnars Oddsteinssonar sem hafði umsjón með lítilli gröfu.

1 MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ

2 MÍ 201906-0016/ 6.09 / UÆ

Markmið og framkvæmd

Rannsóknarsvæðið er graslendi sem afmarkast af íbúðarhúsnæði til allra átta sem tilheyrir Áshamari og á umræddu svæði stefnir Vestmannaeyjabær á að skipuleggja íbúðarhúsabyggð.[3] Vegna fyrirhugaðra framkvæmda óskaði Vestmannaeyjarbær eftir umsögn frá Minjastofnun Íslands um svæðið og í kjölfarið tók starfsmaður frá Minjastofnun Íslands svæðið út og skráði á því mögulegt garðlag sem er um 30m norðan við Áshamar nr. 75 og mögulega tóft af gerði sem er um 30m sunnan við Áshamar 1a.[4] Garðlagið liggur frá austri til vesturs, er tæplega 30m að lengd og um 1,5m á breidd en tóftin er áætluð vera um 22x16m að stærð og snýr hún norður-suður. Í framhaldinu af þessari úttekt fór Minjastofnun Íslands fram á að umfang og eðli minjanna yrðu kannaðar með 1m breiðum könnunarskurði sem grafinn yrði í þvert í gegnum viðkomandi minjar.[5]

Könnunarskurðirnir voru grafnir með vélgröfu og stóðu fornleifafræðingar yfir á meðan. Skurðirnir voru mældir upp með Trimble Geoexplorer 6000 staðsetningartæki og svo voru snið skurðanna skráð með myndavél og að hluta með sniðteikningu. Þegar skráningu var lokið voru skurðirnir fylltir aftur.

3 MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ

4 MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ

5 MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ

Mynd 3. Könnunarskurður sem var 3m langur og 1m breiður var grafinn í meint garðlag sem er 30m norðan við Áshamar 75. Hann var látinn snúa norður-suður þvert á garðlagið. Horft til austurs.

Niðurstöður

Í garðlag sem er 30m norðan við Áshamar 75 var grafinn 1m breiður og 3m langur könnunarskurður sem var látinn snúa norður-suður þvert á garðlagið. Það reyndust engar fornleifar vera í honum. Garðlagið reyndist vera orpinn sandhryggur með miðlungs stóru grjóti. Þessi hryggur sést ekki á loftmynd í eigu Samsýnar sem er tekin 25 ágúst 2001 (sjá mynd 5) og mun því vera yngri en það. Hugsanlega hefur honum verið mokað upp til að hamla umferð barna út á götu norðan við hrygginn og honum mokað upp um svipað leiti og vegurinn var lagður. Undir uppmokuðum hryggnum mátti sjá tvö þunn jarðvegslög og tvö mjög misþykk vikurlög (sjá mynd 4). Dýpt skurðar varð 130cm nyrst en um 86cm syðst.



Mynd 4. Snið í skurði 1 sem grafinn var í garðlag 30m norðan við Áshamar nr. 75. Engar fornleifar sáust í sniðinu. 1, grasrót - yfirborð. 2, Uppmokaður sandhryggur. 3, Brúnleitur jarðvegur. 4, Vikur frá Vestmannaeyjargosinu 1973 (aðfluttur). 5, Brúnleitur jarðvegur. 6, Vikur frá Vestmannaeyjargosinu 1973 (aðfluttur). Sniðið var teiknað í norðurhlið skurðar.

Mynd 5. Hér sést skjáskot af vefsíðu ja.is. Samkvæmt upplýsingum frá Samsýn var loftmyndin tekin 25. ágúst 2001 og sést meint graðlag ekki og mun það því vera yngra en loftmyndin.

Annar 13m langur og 1m breiður könnunarskurður var grafinn í mögulega tóft af gerði sem skráð var 30m sunnan við Áshamar 1a (sjá mynd 1). Þessi meinta tóft er um 22x16m að stærð og snýr norður-suður. Skurðurinn var grafinn í gegnum suðurvegg tóftarinnar og inn í miðja tóft. Skurðurinn var grafinn alveg niður á klöpp og var dýpt hans frá 50-175cm en við rannsókn á honum kom í ljós að veggir hinnar meintu tóftar eru náttúrulegir hraunhryggir. Undir grösugu yfirborðinu var vikurlag. Þetta vikurlag er aðflutt en miklu magni af vikri var ekið á svæðið við lok Heimeyjargoss þegar þéttbýlið

Mynd 6. Í mögulega tóft af gerði var grafinn 13m langur og 1m breiður könnunarskurður. Horft til austurs.

var hreinsað 1973.[6] Undir vikurlaginu mátti sjá þykkt dökkbrúnt jarðvegslag og svo tvær forsögulegar gjóskur úr Kötlu aðskildar með frekar þunnu ljósbrúnu jarðvegslagi (sjá mynd 7).



Mynd 7. Snið í skurði 2 sem grafinn var í tóft af gerði um 30m sunnan við Áshamar nr. 1a. Engar fornleifar sáust í sniðinu. 1, grasrót - yfirborð. 2, Vikur frá Vestmannaeyjargosinu 1973 (aðfluttur). 3, Dökkbrúnn jarðvegur. 4, Forsöguleg gjóska úr Kötlu. 5, Ljósbrúnn jarðvegur. 6, Forsöguleg gjóska úr Kötlu. Sniðið var teiknað í austurhlið skurðar.

Mynd 8. Unnið að sniðteikningu í skurði 2.

6 Munnleg heimild: Ólafur Snorrason 18.9.2019

Heimildir

MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ: Bréf Minjastofnunnar Íslands, 5. júní 2019 & 30. ágúst 2019, MÍ201906-0016/ 6.09 / UÆ

Samsýn: Skjáskot af loftmynd fengin á vefsíðu ja.is. Sótt 20.09.2019. Loftmyndin var tekin 25.08.2001. Birt með leyfi Samsýnar